

Ársskýrsla 2010-2011



LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS

Ljóstæknifélag Íslands 2010-2011

Umbrot: Verkís hf. Útlit: Hönnunarhúsið ehf.



Frá aðalfundi LFÍ 2010

Skýrsla stjórnar Ljóstæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2010-2011

Aðalfundur

Aðalfundur Ljóstæknifélagsins árið 2010 var haldinn í nýjum húsakynnum Háskóla Reykjavíkur við Öskjuhlíð 24. mars 2010 og hófst hann kl. 14:00.

Daði Ágústsson, formaður, bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og stakk upp á Ólafi S. Björnssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt. Einnig var stungið upp á Jóni Ísakssyni Guðmann sem fundarritara og var það samþykkt.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu verkefnum stjórnarinnar og áherslum félagsins á komandi ári. Skýrslu stjórnar var dreift á fundinum.

Fundarmenn fengu í hendur afrit af ársreikningum fyrir árið 2009. Jón Stefán Einarsson gjaldkeri flutti skýrslu gjaldkera. Fram kom að tekjur ársins 2009 voru aðeins hærri en árið 2008 en kostnaður ársins 2009 var talsvert minni og varð tapið því óverulegt eða um sex þúsund krónur.

Ekki urðu miklar umræður um skýrsluna og reikninga og var skýrsla stjórnar og reikninga samþykkt án mótakvæða.

Formaður kynnti starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 - 2011 og mælti fyrir um hækkun á félagsgjöldum þannig að fyrirtæki og stofnanir greiddu 35.000 krónur, minni fyrirtæki 15.000 krónur, einstaklingar 3.000 krónur og námsmenn í viðurkenndu námi í lýsingarfræðum 2.000 krónur. Hvortveggja var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kosningar

Samkvæmt lögum félagsins skal á hverju ári kjósa tvo stjórnarmenn beint og einn tilnefndan af aðildarfélögum, alla til 2ja ára. Á sléttu ártali skal auk þess kjósa formann til 2ja ára. Jafnframt skal á hverju ári kjósa féлага í kjörnefnd og einn endurskoðanda, báða til þriggja ára.

Fundarstjóri las upp niðurstöður kjörnefndar sem lagði til að eftirtaldir yrðu í stjórn og öðrum embættum félagsins.

Kjörnefndin lagði til eftirfarandi:

Guðjón L. Sigurðsson verði kjörinn formaður til 2ja ára
Hannes Siggason verði kjörinn stjórnarmaður til 2ja ára
Jón Ísaksson Guðmann verði endurkjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.
Kristján Sigurbergsson verði kjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.
Eiríkur Bogason verði endurkjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.
Daði Ágústsson verði kjörinn kjörnefndarmaður til 3ja ára.
Eiríkur Briem verði endurkjörinn endurskoðandi til 3ja ára.
Þorvaldur Finnogason verði kjörinn varaendurskoðandi í stað Guðjóns L. Sigurðssonar, til 2ja ára sem eftir eru af kjörtímabili.

Tillögur kjörnefndar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Kjörnefnd 2010-2011:

Egill Skúli Ingibergsson, kjörinn 2009 til 3ja ára
Víðir Kristjánsson, kjörinn 2008 til 3ja ára
Daði Ágústsson, kjörinn 2010 til 3ja ára

Endurskoðendur 2010-2011:

Hreinn Jónasson kjörinn 2008

Til vara Þorvaldur Finnbogason, kjörinn 2009

Eiríkur Briem, kjörinn 2010

Önnur mál:

Engin önnur mál en fráfari formanni, Daða Ágústssyni var þakkað sérstaklega fyrir gott starf í þágu félagsins.

Fyrirlestrar á ljósadeginum 2010:

Ljóstæknifélagið stóð fyrir Ljósadeginum 2010 í framhaldi af aðalfundi félagsins. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkur dagur var haldinn og þótti hann takast vel og var almenn ánægja með hann.

Ljósadagurinn var haldinn í nýju húsnæði Háskólans í Reykjavík og flutti Ari Kristinn Jónsson, rektor skólans ávarp og bauð gesti velkomna. Sagði hann það heiður að fá að hýsa þennan viðburð enda væru allir stoltir af nýbyggingunni.

Dan Fayen, starfsmaður iGuzzini í Noregi hélt fyrsta fyrirlesturinn og sagði frá því hvernig litir og lýsing geta haft áhrif á líðan okkar. Hann sagði frá rannsóknum sem sýndu hvernig ljós hefur líffræðileg áhrif á okkur og áhrif á almenna líðan okkar og hvernig lýsing hefur verið notuð markvisst til að vinna t.d. gegn skammdegisþunglyndi. Þá sagði hann frá því hvernig litir hafa áhrif á okkur og sagði frá tilraunum sem sýndu fram á að fólk sem væri með bundið fyrir augun skynjaði misjafnlega mismunandi liti. Þá sagði hann frá áhrifum mismunandi lita á fólk og markvissri notkun þeirra. Að lokum fjallaði hann um ljósmengun og áhrif þess, m.a. á möguleika þess að sjá stjörnur á himninum.

Rúrí hélt spennandi fyrirlestur um ljós út frá listrænum sjónarmiðum. Sagði hún frá notkun ljóss í myndlist, arkitektúr og hönnun og mismunandi nálgun að viðfangsefninu. Sýndi hún fjölmörg spennandi dæmi á myndum og vídeó, t.d. þar sem markviss notkun ljóss og skugga var notuð til að skapa rými í rýminu. Sýndi hún hvernig ljós á hreyfingu var notað á stórum byggingum til að skapa upplifun og ævintýraheim og sýndi dæmi um það sem hún taldi góða og slæma notkun á lýsingu á húsum. Hún sýndi dæmi um verk sín, m.a. sýndi hún vídeó af mjög áhugaverðu listaverki utan við höfuðstöðvar OSRAM þar sem hún notaði ljóstvistaskjái til að mynda fossa á nokkrum stöplum.

Birgir Teitsson og Guðjón L. Sigurðsson sögðu frá hönnunarforsendum lýsingar í húsnæði HR og sýndu með fjölmörgum skýringarmyndum hvernig verkefnið var nálgast og hvernig hönnunarsamskiptum við erlenda arkitektastofu var háttað. Þeir sögðu m.a. frá áhugaverðum dagsbirtuskynjurum á þaki hússins sem notaðir eru til að stýra raflýsingu í rýmum sem nýta sér dagsbirtu. Að lokum fóru þeir með hópa um skólann þar sem þátttakendur gátu upplifað lýsinguna og arkitektúrinn.

Á ganginum höfðu fyrirtæki sett upp sýningarbása og kynntu ýmsar nýjungar og vakti það mikla athygli.

Deginum lauk svo með móttöku í Nauthól þar sem glæsilegar veitingar voru í boði iGuzzini. Þar gafst þátttakendum góður tími til að spjalla saman og njóta samveri í fallegum húsakynnum.

Guerilla lighting uppákomu var frestað til betri tíma og meiri myrkurs.

Stjórn

Stjórn félagsins starfsárið 2010-2011 var því þannig skipuð eftir að stjórnin hafði skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum:

- ✓ Guðjón L. Sigurðsson formaður
- ✓ Hannes Siggason varaformaður
- ✓ Jón Stefán Einarsson gjaldkeri
- ✓ Jón Ísaksson Guðmann ritari
- ✓ Kristján Kristjánsson ritstjórnarfulltrúi
- ✓ Kristján D. Sigurbergsson meðstjórnandi
- ✓ Jens Þórisson meðstjórnandi

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á starfsárinu.

Helstu mál stjórnar voru:

- Skipuð fræðslunefnd.
- Lög endurskoðuð.
- Tilnefnd verk til norrænu lýsingarverðlaunanna.
- Staðið að tilnefningu verka í norrænni ljósabók.
- Endurskoðun heimasíðunnar.
- Útvega fyrirlesara á NordLED í Kaupmannhöfn.
- Styðja við menntun lýsingarhönnuða.
- Samstarfssamningur við Rafiðnaðarskólann og flutningur í nýtt húsnæði þeirra.
- Uppsetning á ljósprófunarherbergi í húsnæði Rafiðnaðarskólans.
- Skoðanakönnun á heimasíðu.

Félagar

Í lok starfsársins voru félagar 265, tveir heiðursfélagar, 35 fyrirtæki og stofnanir, 198 einstaklingar og 22 nemendur. Fjölgað hefur á milli ára um 12 einstaklinga en tvær stofnanir/fyrirtæki dattu út.

Nokkurt misræmi var í félagatali og greiðsluskrá sem búið er að leiðrétta og einnig komu í ljós vankantar í félagatali og tölvupóstlista sem unnið var í að lagfæra.

Rekstur skrifstofu

Samningur var í gildi við Hönnunarhúsið ehf., Guðna Gíslason, um starf fyrir félagið sem fólst í umsjón með félagatali og innheimtu, uppfærslu á heimasíðu, uppsetningu og útsendingu fundarboða, uppsetningu ársreiknings og aðstoð við sölu á ritum félagsins og gildi sá samningur til loka árs 2010.

Nýr samstarfsaðili

Á vordögum 2010 hófust viðræður á milli Rafiðnaðarskólans og Ljóstæknifélagsins um samstarf á milli þessara aðila sem lauk með formlegri undirskrift á samstarfssamningi í upphafi ráðstefnunnar "**Framtíð ljóssins**" sem haldin var dagana 4. og 5. mars í húsnæði Rafiðnaðarskólans. Samningurinn kveður

meðal annars á um að Ljóstæknifélagið samnýtir skrifstofu- og fundaraðstöðu með Rafiðnaðarskólanum að Stórhöfða 27 í Reykjavík og Ljóstæknifélagið fær til eigin afnota sérstakt ljósprófunarherbergi, það fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Báðir aðilar halda sjálfstæði sínu að fullu en sameinast um að efla starf sem þjónar markmiðum beggja.

Með þessum samningi sparar LFÍ talsverða fjármuni þar sem ekki þarf að greiða leigu eða starfsmann til að sjá um rekstur skrifstofu en á móti kemur að meiri vinna leggst á stjórnarmenn við utanumhald og umsjón með rekstri félagsins en dagleg umsýsla er í höndum starfsmanna Rafiðnaðarskólans.



Ljósprófunarherbergi

Nýtt ljósprófunarherbergi Ljóstæknifélagsins var tekið í notkun í tengslum við sýninguna “Framtíð ljóssins” sem haldin var 4. og 5. mars 2011. Unnið hefur verið að innréttingu þess frá haustdögum 2010 þar sem tveir félagsmenn, þau Rósa Dögg Þorsteinsdóttir og Halldór Steinsen, báru hitann og þungann að skipulagningu þess og uppsetningu í samvinnu við Stefán Sveinsson frá Rafiðnaðarskólanum. Herbergið er meðal annars búið ljósprófunarboxum og hæðarstillanlegu lofti. Stuðningur birgja við þetta verkefni hefur verið afar mikilvægur og er enn og það er sérstaklega ánægjulegt að sjá birgja sameinast um verkefni sem þessi og ekki má gleyma framlagi Rafiðnaðarskólans sem er mjög rausnarlegt þar sem þeir leggja til húsnæði og kosta vinnu iðnaðarmanna og innréttinga. Framlag sem þetta verður seint fullmetið.



Ráðstefnan um Framtíð ljóssins var afar vel sótt.



Sýning birgja þótti vel útfærð og glæsileg



Ljósaboxin tvö



Hér sjást 3 samsetningar ljúsingar af 36 mögulegum í boxinu.



Perugetraun Ljóstæknifélags og Rafkaupa



Frumgerð „Atómlampi Ellerts M. Jónssonar

Gjafir



Um miðjan mars 2011 afhentu fyrirtækin S.Guðjónsson, Rafkaup, Jóhann Ólafsson & Co og Ó. Johnson & Kaaber Ljóstæknifélaginu að gjöf myndvarpa frá DELL, sem fyrirtækin sameinuðust um að gefa félaginu.

Smith og Norland hf. afhenti Ljóstæknifélaginu verkfærátösku og ljósmæli að gjöf sem er stuðningur við starf félagsins að koma upp ljósprófunarherbergi fyrir áhugamenn um lýsingu. Aðrir birgjar studdu



okkur einnig rausnarlega og má þar nefna Ó. Johnson og Kaaber sem gáfu PHILIPS perur í marghólfa ljósaboxið, Jóhann Ólafsson & Co. sem gáfu OSRAM perur í tvíhólfa samanburðarboxið, S. Guðjónsson sem gáfu raflagnaefni, spenna, brautir og bakka í boxin og í stillanlegt loft og Johan Rönning sem gáfu spenna og rofa í ljósprófunarbox. Nokkrir aðrir birgjar hafa gefið fyrirheit um stuðning og verður væntanlega leitað til þeirra síðar.

Gjafir sem þessar eru félaginu mjög mikilvægar og styrkja starf okkar verulega, auk þess sem gott er að finna þann hlýhug sem borin er til félagsins.

Fræðslufundir, fyrirlestrar og sýningar

15. október 2010 - LED – Nýjungar og notkun

Jóhann Ólafsson & Co. bauð upp á fyrirlestra í samvinnu við Osram og Traxon um nýjungar og hugleiðingar um notkun og framtíð ljósvista (LED). Viðburðurinn var vel sóttur og góður rómur var gerður að þessu frábæra framtaki.



4.-5. mars 2011 - Framtíð ljóssins

Ráðstefnan og sýningin var samstarfsverkefni SART, Ljóstæknifélagsins, Rafiðnaðarskólans, Rafkaupa, S. Guðjónsson, O. Johnson & Kaaber og Jóhanns Ólafssonar & Co. Ráðstefnan og sýningin snerist að mestu um spurninguna: "Hvað gerist þegar slökkt verður á glóperunni og hvað kemur í staðinn?" Góð aðsókn var á ráðstefnunna þar sem mættu um 130 manns og vakti sýningin mikla athygli ráðstefnugesta. Daginn eftir var opið hús fyrir almenning frá 11:00 til 15:00 og mættu margir þrátt fyrir afleitt veður.



Framtíð ljóssins
Hvað gerist þegar slökkt verður á glóperunni?

Ráðstefna og sýning
Rafiðnaðarskólanum, Stórhöfða 27,
föstudaginn 4. mars 2011
Fundarstjóri á ráðstefnunni er Ásbjörn Jóhannesson

Ráðstefna - kl. 14:00-16:00	Sýning - kl. 16:00 - 18:00
■ Hver bannar glóperuna og hvers vegna? - Guðjón Axel Guðjónsson	■ Nýjasta nýtt í þerum ■ Ljósgerfi framfötur
■ Ljóstvísturinn... hvað er framtíðin? - Guðjón L. Sigurðsson	■ Leskur að ljósi ■ Gestur - hvaða þera er í lampunum
■ Hvernig stýnum við þessu öllu saman? - Heiður Ólafsson	■ Ljóstíð ljóssins starf regnbogunum við ■ Spegillinn og ljósið

Léttar veitingar í boði

LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS **sart** **RAFIDNADARSKOLINN**
SARTIÐ NAFVENDUKA
ÓJ&K **SG** **Jóhann Ólafsson & Co** **Rafkaup**
PHILIPS **OSRAM** **SYLVANIA**

Samstarf við opinbera aðila

Á árinu hefur Ljóstæknifélagið haft aðkomu að málefnum er varða nýja byggingarreglugerð með Mannvirkjastofnun.

Formaður hefur tekið þátt í fundum og mótun reglna er varða neyðarlýsingu í byggingum sem er beint framhald af fyrra starfi við eldri útgáfu leiðbeiningarrits um sama mál. Unnið er að nýrri útgáfu og verður ekki hægt að gefa hana út fyrr en ný byggingarreglugerð hefur litið dagsins ljós.

Ljóstæknifélagið hefur líka verið kallað til að veita ráðgjöf um texta er varðar ljósmengun í nýrri reglugerð og allt sem viðkemur birtu og lýsingu í byggingum. Ljóstæknifélagið telur það mikið framfaraskref að yfirvöld skulu vera tilbúin að taka tillit til ljósmengunar í nýrri byggingarreglugerð og er það fyrst og fremst fyrir tilstuðlan umhverfisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, sem beitti sér í málinu eftir að formaður setti sig í samband við hana.

Útgáfa

Engin ný rit voru gefinn út á árinu en ennþá er unnið að undirbúningi við útgáfu á leiðbeiningarriti um Neyðarlýsingu í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

Menntunarmál

Fræðslunefnd var sett á laggirnar á haustdögum 2010 en í henni eru þeir Hannes Siggason varaformaður Ljóstæknifélagsins, Stefán Sveinsson frá Rafiðnaðarskólanum, Skarphéðinn Smith frá S. Guðjónsson og Haukur Magnússon frá verkfræðistofunni Mannvit. Verksvið nefndarinnar er að stuðla að almenntri og hlutlausri fræðslu um allt sem kemur að lýsingu og sjónstarfi. Ljóstæknifélagið bindur miklar vonir við að þessi nefnd geti hjálpað til við mótun fræðslustarfs og skipulagningu fyrirlestra í samvinnu við Rafiðnaðarskólann og fleiri aðila.

Tækniskólinn í Reykjavík hefur undanfarin ár boðið upp á kennslu í ljóstækni í fjarnámi og undanfarin tvö ár hefur starfað fagråd við skólann um þetta nám þar sem formaður Ljóstæknifélagsins hefur gegnt formennsku. Síðast liðið vor var ákveðið að breyta náminu til samræmis við kennsluáætlun og viðmið PLDA (Professional Lighting Design Association) og hófst kennsla samkvæmt því haustið 2010 þar sem 14 nemendur hófu nám. Kennsluáætlunin er ekki fullmótuð og fóru formaður Ljóstæknifélagsins og Halldór Steinsen, sem kennir við skólann, á tveggja daga vinnufund í Milanó á vegum PLDA þar sem farið var yfir kennsluáætlun og fleira. Fundinn sóttu 19 þjóðir eða 55 manns frá flestum af þeim háskólum í heiminum sem hafa kennslu í lýsingarhönnun á sinni námsskrá. Með þessu hyggst skólinn byggja upp nám sem verður gjaldgengt í öðrum löndum og veita þeim sem það sækja sérstaka viðurkenningu þó líklega verði ekki hægt að veita þeim fullnaðarréttindi í samræmi við háskóla sem bjóða upp á háskólagráður eftir tveggja til þriggja ára dagnám.

Fagleg viðurkenning lýsingarhönnunar

Vegur lýsingarhönnunar sem fags fer vaxandi. Frumvarp að nýjum lögum um lýsingarkerfi verður senn lagt fyrir Evrópuþingið. Þessi löggjöf gerir Evrópu að leiðandi afli þegar kemur að nútíma skilgreiningu á orkunýtni og umhverfisvænni lýsingarhönnun í byggingum. Í þessu frumvarpi er lýsingarhönnun sett inn sem hluti virðisikeðjunnar fyrir hönnun lýsingarkerfa í byggingum. Þetta er töluverður áfangi í viðurkenningu lýsingarhönnunar sem fags. Með samþykkt þessa frumvarps verða lýsingarhönnuðir ábyrgir fyrir allri lýsingarhönnun. PLDA verður viðurkenndur fagaðili innan Evrópusambandsins og munu lýsingarhönnuðir meðal annars fá það hlutverk að tryggja að lýsing mæti kröfum um orkunýtni, umhverfisvænleika og ljósgæði.

Formaður Ljóstæknifélagsins tekur þátt í þessu starfi með PLDA og sótti nýlega fund þar sem rætt var um samstarf á milli PLDA og IALD (International Association of Lighting Designers) við skilgreiningu og mótun á starfi lýsingarhönnuða.

Heimasíða

Heimasíða félagsins er www.ljosfelag.is og er góður vettvangur fyrir kynningu á starfi félagsins. Unnið hefur verið að endurbótum á heimasíðunni og markvisst er unnið að því að gera hana virkari þannig að hún nýtist félagsmönnum sem best.

Fræðslunefnd stóð meðal annars fyrir skoðanakönnun á vilja félagsmanna til efnisflokka sem þeir hefðu áhuga á að fá meiri kynningu eða fræðslu og 26. apríl var niðurstaðan á heimasíðunni eftirfarandi;

Skoðanakönnun frá fræðslunefnd Ljóstæknifélags

LED eða ljósvistar (þróun, stýring, notagildi, íslensk framleiðsla)

31 34.1%

Glóperubannið og áhrif þess (Hver er að verki, tilgangur, ljósgjafar á leið út, hvað kemur í staðinn)

25 27.5%

Götu og svæðislýsing (lýsing á torgum, opnum svæðum, vegum)

12 13.2%

Neyðarlýsing (heiti, hugtök, reglugerðir, kynning á mismunandi lausnum)

9 9.9%

Hugbúnaður sem hjálparmeðal við lýsingarhönnun

9 9.9%

Ljósastýringar (kostir, notkun, möguleikar, DALI, DMX, INSTABUS, PLC)

5 5.5%

Uppástungur að efni sendist til: lfi@ljوسفelag.is

0 0%

Fjöldi atkvæða: 91

Fyrsta atkvæði: Miðvikudagur, 22. desember 2010 15:50

Síðasta atkvæði: Þriðjudagur, 26. apríl 2011 17:01

Halldór Steinsen var ráðinn umsjónarmaður með heimasíðunni í hlutastarfi og bindur stjórn LFÍ miklar vonir til þess að þessi vettvangur verði sterkari í öllu er viðkemur fræðslu og tengingu við félagsmenn auk þess að gera félagið sýnilegra út á við.

Erlent samstarf

Nordlys

Formaður sótti tvo Nordlys stjórnarfundir á starfsárinu, í maí 2010 í Kaupmannahöfn og í október í Osló. Stjórnarfundir Nordlys hafa ekki verið haldnir á Íslandi en næsti fundur verður haldinn hér í landi helgina 20. til 22. maí nk.

Félagar eru hvattir til að kynna sér starfsemi félaganna á heimasíðum þeirra sem finna má á vef Morgi heimasíðu okkar, www.ljوسفelag.is

Bók um norræna lýsingarhönnun

Norrænu félögin hafa ákveðið að gefa út vandaða bók um norræna lýsingarhönnun og var óskað eftir tilnefningum hér á landi frá félagsmönnum og arkitektum. Nítján tilnefningar bárust sem voru sendar fulltrúum í ritnefnd bókarinnar sem sá um það val eða þau Petter N. Haug (Noregi), Kai Pippo (Svíþjóð) og Natallia B. Sörensen (Danmörk). Samtals komu rúmlega 100 tilnefningar þannig að við getum vel við unað að hafa verið með 19. Frá Íslandi voru valin sex verk en aðeins fjögur voru kynnt vegna þess að ekki var búið að ákveða endanlega á milli þeirra sem eftir stóðu. Þessi verk fjögur verk voru;

Alcoa Fjarðarál (TBL arkitektar og Efla)

Bláa lónið – Baðstaður (VA arkitektar og Verkís)

Bláa lónið – Lækningalind (VA arkitektar og Verkís)

Einbýlishús Marbakka (Basalt og Verkís)

Síðar var tekin ákvörðun um að sameina Bláa lónið í eitt verk og bæta Gestahúsi við Skriðuklaustur (Arkís og Verkís) en það var einnig tilnefnt. Gert er ráð fyrir að hvert land fái fimm verk í bókinni og eftir er að ákveða hvað verður fimmta verkið en enginn af þeim tilnefningum sem eftir stóðu uppfylltu óskir dómnefndar.

Norrænu lýsingarverðlaunin 2010

Norrænu lýsingarverðlaunin 2010 voru afhent á NordLED ráðstefnunni í Kaupmannahöfn og urðu sænsku lýsingarhönnuðirnir Ljusarkitektar með Kai Pippo í fararbroddi hlutskarpastir fyrir Varehuset K:Fem í Vallingby í Svíþjóð.





Ísland sendi tvær tillögur, Vatnasafnið í Stykkishólmi og starfsmannahús í Gufuneskirkjugarði en lýsingarhönnun í báðum þessum verkum var gerð af Lumex.

NordLED 2010

Níu félagsmenn Ljóstæknifélagsins sóttu norrænu ljóstækniráðstefnuna NORDLED 2010 sem haldin var í Kaupmannahöfn í nóvember 2010.

Þátttaka var mjög góð, vel á þriðja hundruð manns. Hlýða mátti á fjölda fróðlegra fyrirlestra en að öllum ólöstuðum stóð fyrirlestur Rogier Van der Heide frá Philips í Hollandi uppúr sem hugmyndaauðgandi fyrirlestur. Miklar framfarir eru í þróun ljóstvista um þessar mundir og gæði þeirra eykst hratt. Búist er við gríðarlegri framleiðslu á perum sem komi í staðinn fyrir hefðbundar glóperur í eldri lampa en einnig er mikil þróunarvinna lögð í hönnun nýrra lampa sem nýta kosti þessara nýju ljósgjafa. Nokkuð var fjallað um sparnað með notkun ljóstvista vegna bættrar orkunýtingar, minni hita og lengri endingartíma og fjölmörg dæmi sýnd um það. Guðjón L. Sigurðsson var einn af aðalfyrirlesurum og flutti hann áhugavert erindi um það hvernig ljóstvistar hafa áhrif á vinnu lýsingarhönnuða.



Lokaorð

Sem sjá má á lestri þessarrar ársskýrslu þá hefur ýmislegt gerst á árinu og hafa áherslur breyst lítillega frá tíð fyrrverandi stjórnar. Mikil áhersla var á að breyta rekstrarumhverfinu í átt til sparnaðar og er samningurinn við Rafiðnaðarskólan hluti af því. Samstarf við opinbera aðila, erlent samstarf og menntunar- og fræðslumál hafa einnig verið ofarlega á baugi en útgáfumál hafa legið í láginni á árinu og þarf að gera átak í þeim á næsta starfsári.

Til að halda úti öflugum félagsstarfi þarf öflugra stuðningsmenn og sjálfbóðaliða auk þess sem stjórnarmenn verða að vera virkir. Við höfum náð að byggja upp gott bakland sem við þurfum að sinna vel og það hafa verið lagðar fram hundruðir klukkustunda af stjórnarmönnum og sjálfbóðaliðum á síðasta ári í þessum tilgangi, auk óbeinna fjárframlaga frá fyrirtækjum sem leyfa starfsmönnum að stunda hluta þessara félagsstarfa á vinnutíma. Slíkt ber að virða og færum við þeim ómældar þakkir fyrir.

Ársskýrsla LFÍ 2010-2011